

II. Tillaga til 399. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. maí 2017

Tillaga 417. fundar félagsmálanefndar, 3. maí sl., um breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning

4. 2016120045 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ.

Lagður fram tölvupóstur frá Rún Knútsdóttur dags 11. apríl 2017, ásamt fylgiskjali, er varðar ábendingar félags- og jafnréttisráðherra til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Ráðherra beinir því til sveitarfélaga að taka tillit til leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning, um að meta skuli þörf fyrir slíkan stuðning á grundvelli framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna í stað þess að byggja einungis á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum. Jafnframt lögð fram drög að breytingum á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Ísafjarðarbæ.

Félagsmálanefnd samþykkir framlögð drög að breytingum á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning en felur starfsmanni að breyta orðalagi í framlögðum drögum. Félagsmálanefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Ísafjarðarbæ verði samþykktar, í samræmi við ábendingar félags- og jafnréttisráðherra.